

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306

9. október 1974, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m² og stærri, kr. 79.70 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 31.60 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 18.60 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 53.10 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m³ kr. 7 539.00.

Hús 300—2000 m³ kr. 7 539.00 fyrir 300 m³ og kr. 5.60 fyrir hvern m³ þar yfir.

Hús stærri en 2000 m³ kr. 17 119.00 fyrir 2000 m³ og kr. 4.70 fyrir hvern m³ þar

yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 759.00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 682 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 16. maí 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 240/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

2. júlí 1981.

Nr. 375.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar nr. 269 28. maí 1980.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald.

- a. Samkvæmt magnhemli kr. 227.60 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
- b. Samkvæmt vatnsmæli kr. 11.40 fyrir hvern rúmmetra vatns.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðagjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbylum nema þeim útihúsum sem tengd verða

veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálf gald. Heimæðagjöld eru miðuð við þáttöku húseiganda í stofnkostnaði veitukerfis hitaveitunnar.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

- a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun svo og af þeim nýbyggingum sem samþykktar eru fyrir 1. október 1979, skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 8\,062.00 + 8.80 \times V.$$

Hér tákna H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

- b) Af nýju húsnæði og breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun, sem samþykkt er eftir 1. október 1979, skal reikna heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 12\,106 + 13.15 \times V.$$

Hér tákna H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1981 með tilvisun til auglýsingar nr. 240/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 2. júlí 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390 6. nóvember 1976, með síðari breytingum.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 162.50 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bílar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitapörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ "	kr. 29.50
b) fyrir mæla eða hemla 1"—2"	— 59.15
c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri	— 118.10

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð: